



Endurspeglar vaxandi áhuga á handverki

● Sýningin *Spor og þræðir* opnuð á morgun í Listasafni Reykjavíkur ● 14 samtímalistamenn sem nýta nál og þráð

Sýningin *Spor og þræðir* verður opnuð á morgun, fimmtudaginn 9. júní, kl. 20 í Listasafni Reykjavíkur að Kjarvalsstöðum. Ólöf Kristín Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, og Vigdís Jakobsdóttir, listrænn stjórnandi Listahátíðar í Reykjavík, opna sýninguna en sýningin er hluti af hátíðinni.

Á sýningunni má sjá verk 14 íslenskra samtímalistamanna sem eiga það sameiginlegt að sauma út eða nýta nál og þráð í listsköpun sinni. Í tilkynningu frá safninu segir að sýnendur líti ýmist til fortíðar og vinni með arfleifð handverks og hefðar eða nýti nálina til að prófa sig áfram í framsæknum tilraunum í bland við aðra miðla. Á sýningunni megi sjá ný og nýleg verk eftir fjölbreyttan hóp listamanna, bæði fulltrúa yngri kynslóðarinnar sem og reyndari listamenn sem þegar hafi sett mark sitt á íslenska myndlistarsenu. Þau eigi það öll sameiginlegt að hafa tekið ástfóstri við nálina sem verkfæri og hún skipi veigamikinn sess í listsköpun þeirra. Verkin endurspeglar mikla breidd í inntaki þar sem glímt sé við djúpstæð samfélagsmeini samhliða ljúfsárni hversdagsins og ljúfsárri nostalgíu.

Vinsælt tól

„Saumnálin hefur alla tíð verið vinsælt tól til listsköpunar og listskreytinga. Hún hefur einkum verið í höndum kvenna sem hafa lagt rækt við að viðhalda gömlum hefðum í handverki sem og þróað nýjar og skapandi leiðir til úrvinnslu með nál og þráð. Útzaamur var ásamt útskurði langalgengasti miðill listamanna á Íslandi fram að 20. öld. Þá vék hann tímabundið fyrir annarri tækni en gekk í endurnýjun lífdaga sem hluti af kvenréttindabaráttu 8. áratugarins og þró-



Saumað Verk eftir James Merry, „Nike / Jöklasóley“, frá árinu 2015.



Eirún Sigurðardóttir



Kristín Gunnlaugsdóttir



Loji Höskuldsson



Rósa Sigrún Jónsdóttir

un femínískrar myndlistar. Í dag sjáum við enn fjölbreyttari merki um endurkomu útsaums inn á vettvang myndlistar. Ekki bara hér á landi, heldur í alþjóðlegri samtímalist. Hvað veldur þessum aukna áhuga og sýnileika? Hvað knýr samtímalistamenn til þess að taka sér nál í hönd við gerð verka sinna?“ segir í tilkynningu.

Listafólkið, sem á verk á sýningunni, er Agnes Ársælsdóttir, Anna Línadal, Anna Andrea Winther, Eirún Sigurðardóttir, Erla Þórarinsdóttir, Guðrún Bergsdóttir, G. Erla – Guðrún Erla Geirsdóttir,

Guðný Rósa Ingimarsdóttir, James Merry, Kristinn G. Harðarson, Kristín Gunnlaugsdóttir, Loji Höskuldsson, Petra Hjartardóttir og Rósa Sigrún Jónsdóttir. Sýningarstjórar eru Birkir Karlsson og Ingunn Fjöla Ingþórsdóttir.

Í tilkynningu segir að sýningin endurspeglar vaxandi áhuga á handverki, þar sem á undanförunum árum hafi orðið algengara að listamenn víða um heim noti þessa hefðbundnu aðferð handverksins til að skapa fjölbreytt og spennandi listaverk. Sýningin stendur til 18. september.